



KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ
Formenn/framkvæmdastjórar

Reykjavík, 18. febrúar 2015

Reglugerðabreytingar vegna nýrrar reglugerðar um milliliði

Ágætu félagar

Á fundi stjórnar KSÍ 13. febrúar s.l. var ný reglugerð um milliliði samþykkt. Samhliða nýrri reglugerð (meðfylgjandi) eru eftirfarandi breytingar gerðar á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga:

Núverandi 14.7:

Einungis KSÍ umboðsmenn, sem hafa starfsleyfi samkvæmt reglugerð KSÍ um umboðsmenn leikmanna eða umboðsmenn með starfsleyfi frá öðru knattspyrnusambandi innan FIFA, mega starfa sem umboðsmenn félags eða leikmanns við samningsgerð eða félagaskipti. Skulu KSÍ umboðsmenn starfa skv. reglugerð KSÍ um umboðsmenn leikmanna en jafnframt skulu þeir starfa samkvæmt reglugerð þessari.

Verði 14.8:

Einungis milliliðir sem skráðir hafa verið hjá KSÍ eða öðru knattspyrnusambandi innan FIFA í samræmi við reglugerð KSÍ um milliliði mega starfa sem milliliðir leikmanna eða félaga við samningsgerð og félagaskipti. Skulu slíkir milliliðir starfa skv. reglugerð KSÍ um milliliði og skv. reglugerð þessari.

Núverandi 14.13:

Félag og leikmaður, sem gera leikmannssamning eða sambandssamning, skuldbinda sig til að hlíta lögum og reglugerðum KSÍ, UEFA og FIFA. Jafnframt skuldbindur félagið sig til þess að hafa ekki samband við samningsbundinn leikmann, umboðsmann hans eða aðra aðila honum tengdum nema að fengnu leyfi frá viðkomandi félagi. Jafnframt skuldbindur leikmaður sig til þess að hafa ekki samband við félag, sjálfur eða einhver fyrir hans hönd, á meðan samningur hans er í gildi nema með leyfi félags síns. Þó er félagi heimilt að ræða við samningsbundinn leikmann og samningsbundinn leikmaður við félag eftir 15. október án leyfis viðkomandi félags, ef samningur hans rennur út eigi síðar en um næstu áramót.

Verði 14.13:

Félag og leikmaður, sem gera leikmannssamning eða sambandssamning, skuldbinda sig til að hlíta lögum og reglugerðum KSÍ, UEFA og FIFA. Jafnframt skuldbindur félagið sig til þess að hafa ekki samband við samningsbundinn leikmann, millilið sem starfar á hans vegum eða aðra aðila honum tengdum nema að fengnu leyfi frá viðkomandi félagi. Jafnframt skuldbindur leikmaður sig til þess að hafa ekki samband við félag, sjálfur eða einhver fyrir hans hönd, á meðan samningur hans er í gildi nema með leyfi félags síns. Þó er félagi heimilt að ræða við samningsbundinn leikmann og samningsbundinn leikmaður við félag eftir 15. október án leyfis viðkomandi félags, ef samningur hans rennur út eigi síðar en um næstu áramót. 2

Núverandi 25. 1. i):

Á samningstímanum má leikmaður ekki, án leyfis stjórnar félagsins, ganga til samninga eða hafa samband við félag, sjálfur eða einhver fyrir hans hönd, við önnur íslensk eða erlend félög eða umboðsmenn þeirra. Viðræður við íslensk félög geta þó farið fram eftir 15. október, ef samningur rennur út fyrir árslok. Ef leikmaður hyggst gera samning við erlent félag skulu samningsviðræður fara fram í samráði við stjórn félagsins.

Verði 25. 1. i):

Á samningstímanum má leikmaður ekki, án leyfis stjórnar félagsins, ganga til samninga eða hafa samband við félag, sjálfur eða einhver fyrir hans hönd, við önnur íslensk eða erlend félög eða milliliði á þeirra vegum. Viðræður við íslensk félög geta þó farið fram eftir 15. október, ef samningur rennur út fyrir árslok. Ef leikmaður hyggst gera samning við erlent félag skulu samningsviðræður fara fram í samráði við stjórn félagsins.

Í lok samnings breytist textinn umboðsmaður í textann milliliður.

Breytingarnar taka gildi þann 1. apríl 2015 og á sama tíma fellur úr gildi reglugerð KSÍ um umboðsmenn.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan



Þórir Hákonarson
framkvæmdastjóri KSÍ